

Jöklarannsóknir á Íslandi á fimmta áratugnum – frumkvöðlastarf Steinþórs Sigurðssonar


Einar B. Pálsson†

<https://doi.org/10.33799/jokull2021.71.123>

Einar B. Pálsson (1912–2011) verkfræðingur og prófessor tók þátt í jöklarannsóknum á fimmta áratug 20. aldar með Steinþóri Sigurðssyni, Jóni Eyþórssyni og fleirum. Á þessum árum voru vísindarannsóknir á nútímavísu að hefjast hér á landi. Búnaður var frumstæður og innviðir eða stofanir til að standa að rannsóknum á náttúru Íslands vart fyrir hendi. Í þessum jöklarannsóknum tókst samstarf vísindamanna og áhugamanna, einkum skíðamanna. Það samstarf hefur haldið áfram allt fram á þennan dag í Jöklarannsóknafélagi Íslands. Efirfarandi frásögn var skráð eftir viðtölum við Einar veturinn 2000–2001.

Fyrstu skipulögðu og markvissu rannsóknirnar á íslenskum jöklum fóru fram þegar Hans Ahlmann og Jón Eyþórsson stóðu fyrir Sænsk-Íslenska leiðangrinum á Vatnajökul 1936. Nokkrir Svíar og Íslendingar tóku þátt, þar á meðal Sigurður Þórarinsson og Jón frá Laug, bæði lærdómsmenn og sportmenn. Tilgangurinn var að mæla ákomuna á jöklinum, en auk vísindalegra niðurstaðna fengu leiðangursmenn reynslu af því að búa á jöklinum og sérstaklega af því, hvað Vatnajökull er erfiður viðfangs. Þeir fengu sig nánast fullsadda í þeirri ferð. Hún var mikið líkamlegt erfiði og listin að lifa af á jöklinum var ekki auðveld. Eftir þetta var lítið farið á Vatnajökul í allmörg ár og lítið á aðra jökla til þess að rannsaka. Jón Eyþórsson var veðurfræðingur á Veðurstofunni. Í hjáverkum hélt hann áfram jöklarannsóknum, en þær voru á þessum tíma fólgnar í því að mæla stöðu skriðjökulsporða. Ég kynntist þessum mælingum dálítið því ég var tvisvar með Jóni í ferðum uppi á Kili við mælingar. Þetta var 1939 og 1941 og við mældum skriðjökla, sem koma úr Hrútfelli og úr Hofsjökli við Blágnýpu. Þetta gerði Jón í mörg ár og safnaði þannig merktum upplýsingum. Hann lét einnig heimamenn mæla fyrir sig norður á Hornströndum og víða um land. Á þessum árum var það helst Guðmundur frá Miðdal, sem gerði sér ferðir á jökla, en hann hafði lært fjallasport í Ölpunum, þegar hann var við listnám í München. Honum þótti gaman að vera uppi á jöklum og er einn af þeim fyrstu, sem nýtur þess að vera í þeirri stórfenglegu, sérstöku veröld, sem tilheyrir stóru íslensku jöklunum.

Flestir, sem fyrr á öldinni gengu á jökla, voru sportmenn, sem höfðu það markmið að komast á hæsta tindinn. Ég fór slíka ferð á Snæfellsjökul sumarið 1927 með Ósvaldi Knudsen. Þetta þóttu svo mikil tíðindi á Snæfellsnesi, að dagblaðið Tíminn í Reykjavík birti sérstaka frétt um ferðina frá fréttamanni sínum á Snæfellsnesi.



Einar B. Pálsson, t.v. og Steinþór Sigurðsson t.h.
Ljósmynd./Photos. Svipmyndir t.v. og Kaldal t.h.

Steinþóri Sigurðssyni kynntist ég þegar við lentum í því að undirbúa skíðamót veturinn 1937 og 1938 og urðu miklir félagar. Hann var eðlisfræðingur og stjórnufræðingur að mennt. Þegar við kynntumst var Steinþór menntaskólakennari en tók við starfi framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs ríkisins 1939. Steinþór tók brátt til við að gera áætlun um yfirlitsrannsókn á